

Ed.

265. L Ö G

um breytingu á lögum nr. 86, 22. nóv. 1907.

(Afgreidd frá Ed. 28. júlí).

1. gr. orðist svo:

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar, auk borgarstjóra. Bæjarstjórnin kýs sjer forseta úr flokki bæjarfulltrúanna.

Borgarstjóri skal kosinn af atkvæðisbærum borgurum kaupstaðarins til 6 ára í senn, enda hafi að minsta kosti 50 kjósendur mælt með kosningu hans. Stjórnarráðið setur nánari reglur um kosningu eftir tillögum bæjarstjórnar. Borgarstjóri hefir 4500 kr. á ári að launum og 1500 kr. í skrifstofufje, og greiðist hvorttveggja úr bæjarsjóði.

2. gr.

Upphaf 2. gr. orðist svo:

Bæjarfulltrúarnir skulu vera 15 að tölu o. s. frv.

3. gr.

Pegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem hjer ræðir um, inn í meginmál laga nr. 86, 22. nóv. 1907.